



PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í **maí** Efni þarf að berast í síðasta lagi **2.maí 2022**



Frá Bókasafni Hrunamanna



Mínum á breyttan opnunartíma í sumar.

Bókasafnið er opið í apríl:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 11-13

Frá og með 1. maí – 31. ágúst:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga **LOKAÐ**

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  facebook.



Sundlaugin á Flúðum.

Vetraropnun:

Mánudaga til miðvikudaga: 16:00-20:30

Fimmtudaga: LOKAÐ

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

Páskaopnun:

Lokað á föstudaginn langa(15.apríl) og páska-dag (17.apríl).

Á skírdag og annan í páskum er opið frá 13:00-18:00.

Sumardaginn fyrsta 21 apríl er opið frá 13:00-18:00.



Apríl 2022
Rítstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

32 árgangur.
370 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Aprílmánuður er runninn upp og það er að manni finnst þínulítill stemmning í loftinu. Kominn smá vorilmur eftir brellinn vetur og víst er að ýmsa kitlar í lófann að fara að rækta jörðina. Það má segja að kannski var sleginn upphafspunktur í kitli með velhepnuðu hjónaballi sem var hin besta skemmtun. Vil ég þakka hjónaballsnefdinni fyrir afar góð störf til að við hin getum skemmt okkur. Þá er einnig búið með hjónaballinu að tryggja það að þeir sem ekki höfðu fengið Covid hafi örugglega smitast !!!

Hins vegar má segja að Covidið sé enn að gera okkur skráveifur inn í stofnunum sveitarfélagsins því starfsfólk og nemendur eru að smitast en þó í litlum skömmtum sem hefur leitt til þess að ekki hefur þurft að koma til lokana. Verður forstöðumönnum skólanna seint þakkað fyrir þrautsegu að þúsla þessu öllu saman sem hefur verið mjög krefjandi með öðrum verkefnum. Það verður því kærkomið að geta loksins haldið árshátíð starfsmanna Hrunamannahrepps þann 6. maí n.k og þjappað okkur saman eftir faraldurinn.

Varðandi leikskólann þá hefur sveitarstjórn samþykkt að ráða Ingveldi Eiríksdóttur áfram sem leikskólastjóra eftir að starfið var auglýst á dögunum. Hefur Ingveldur staðið sig vel en það var krefjandi fyrir hana að stökkva í starfið síðasta haust með litlum fyrirvara. Síðan þarf að huga að öðrum starfsmannamálum leikskólans en ég vil hvetja áhugasama að hafa samband við leikskólastjóra ef þeir gætu hugsað sér að vinna við þessa frábæru stofnun sem leikskólinn er en ljóst er að það stefnir í ákveðið mönnunargat næsta haust eins og staðan lítur út núna.

Varðandi önnur starfsmannamál þá hafa orðið nokkar breytingar en Atli Geir Scheving var ráðinn í áhaldahús og umsjónarmaður hreinsibifreiðar og í kjölfarið Ingibjörn Öxndal (Ninni) ráðinn í áhaldahús og sem slöngutemjari á hreinsibifreiðina. Tengt seyruverkefninu þá var Halldóra Hjörleifsdóttir ráðin af seyrustjórn í afleysingu fyrir þjónustufulltrúa seyruverkefnisins til næstu áramóta. Það verður að segjast að seyruverkefnið skilar drjúgu til samfélaganna í Uppsveitum og umhverfismála í stóra samhenginu en það eina sem þó er eftir er að vígja Seyrustaði á Flúðum.

Varðandi annað umhverfismál þá hefur verið ákveðið að hefja vinnu við innleiðingu á fjórðu tunnunni sem þýðir að plast og pappi fer í sitt hvora tunnuna auk þess sem samræmdar merkingar verða settar á ílát til að skýra betur út hvað á að vera hvar. Þá verður unnið kynningarefni í samráði við hirðingaradilann Terru sem vonandi leiðir til enn betri flokkunar. Vil ég síðan hvetja fólk til að ganga vel frá tunnnum við hús og hýbýli til þess að komast í veg fyrir fok og að þær verði aðgengilegar fyrir hirðuaðila.

Nú er búið að leggja fram ársreikning Hrunamannahrepps fyrir árið 2021 til fyrri umræðu og verður hann afgreiddur af sveitarstjórn í byrjun maí og niðurstaða hans síðan kynnt á íbúafundi í framhaldinu. Sem betur fer þá var útkoman betri en við bjuggumst við og sveitarfélagið er rekið með góðum afgangi. Hins vegar verður það að skoðast að sá hagnaður byggist að miklu leyti á söluhagnaði eigna sem verður síðan ráðstafað til annarra fjárfestinga. Flest sveitarfélög á Íslandi hafa áhyggjur af því að æ erfiðra er að tekjur standi undir grunnreksti sveitarfélaga og deili ég þeim áhyggjum með þeim. Nú er verið að gera klárt í framkvæmdir sveitarfélagsins og nú er hafin vinna við að koma hreinsistöðinni í Gröf niður í „gröf sína“. Þá styttist í að hægt verði að hefja framkvæmdir við Garðastíg og dælustöðvar þar og upp að Kópavatni. Þá væri gaman að sem fyrst væri hægt að hefjast handa við að klára hellulagnir og frágang við félagsheimilið og „öldu aldanna“ en maður bíður mjög spenntur eftir því að sjá útkomuna. Þá er verið að plana hvenær hægt er að halda á fjöll og þar með áfram með vatnstankinn í Berghylsfjalli til að allir hafi nú nóg að drekka. Síðan er búið að taka kjallarann í Heima-landi í gegn sem var orðin mjög þörf framkvæmd og þá þarf að fara að huga að því hvernig við leysum vanda kennslueldhússins í Flúðaskóla.

Ef litið er til fjalla þá eru mjög spennandi framkvæmdir væntanlegar í Kerlingarfjöllum þar sem verið er að byggja upp mjög svo snotra háfjalla- miðstöð og ef áætlanir ganga eftir þá ætti þeim framkvæmdum að vera lokið í sumar. Samhliða því að svæðið er orðið friðlýst og komið undir væng Umhverfisstofnar þá ákváðu Kerlingarfjallavinir að leggja félagið niður. Það hefur verið starfrækt í 9 ár og hefur skilað beinum styrkjum til uppbyggingar svæðisins sem nemur um 26 millj. að ótaldri vinnu sjálfbóðaliða og annarra. Færi ég Kerlingarfjallavinum þakkir fyrir afar góð störf til að passa upp á djásnið okkar upp í Kerlingarfjöllum.


Þá vil ég óska hestamannafélaginu Jökli til hamingju með nýja nafnið sem kom í stað Smára, Loga og Trausta. Að mínu mati er þetta framfaraskref fyrir hestamenn á svæðinu og vonandi vísir að því sem koma skal en fyrir mína parta vona ég að sveitarfélagin á svæðinu sjái kosti þess að sameinast og standa sterkari saman fyrir vikið.

Að lokum er rétt að minna á að Vinnuskóli Hrunamannahrepps verður starfræktur í sumar í 4 vikur fyrir 14-16 ára unglinga og er einmitt núna í Pésanum auglýst eftir krökkum sem vilja láta hendur standa fram úr ermum í sumar Einnig vil ég minna foreldra barna á aldrinum 6-16 ára að skoða hvort þeir eigi ekki rétt á að sækja um hvatarstyrki til sveitarfélagsins og sérstakan styrk stjórnvalda en frestur til að sækja um þá styrki er til 1. maí nk. Upplýsingar og umsóknareyðublöð er hægt að nálgast inn á heimasíðu sveitarfélagsins fludir.is.

Megum við síðan ganga samtaka til verks með vor í huga.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri



Teiknistofan Hugmynd

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskildum raflagna- og brunakerfum

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina

Netfang: flight@simnet.is

Sími: 699-0757

Heimili: Högnastíg 14
845 Flúðir

HUGMYND



Sumarafleysingar.



Hrunamannahreppur auglýsir eftir sumarstarfsmanni í afleysingar í Ahaldahúsi og við heilsuefandi verkefni/vinnuskóla. Áhugasamir hafi samband í síma 480 6600 eða á netfang: hruni@fludir.is, fyrir 25. apríl nk.

Flokkunarhornið.

Rúlluplast.

Net, bönd eða önnur óhreinindi þarf að flokka frá og skila með almennu sorpi .



Þeir flokkar sem mega fara með hreinu timbri.

**Fúgavarið timbur sem er ekki með þekjandi fúgavörn
Timbur með glæru lakki
Ómálað timbur úr framkvæmdum**



Forstöðumaður íþróttamannvirkja og húsvörður í íþróttahúsi

Hrunamannahreppur óskar eftir starfsmanni í 40% starf sem forstöðumaður íþróttamannvirkja og 60% starf sem húsvörður í íþróttahúsi. Meginstarfið felst í stjórnun vegna íþróttahúss og sundlaugar á Flúðum og öðrum mannvirkjum sem tengjast íþróttastarfssemi í sveitarfélaginu. Æskilegt er að viðkomandi hafi fagmenntun og starfsreynslu sem nýtist í starfi. Laun eru skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna. Gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf þann 1. júní n.k. eða eftir samkomulagi. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða hruni@fludir.is. Umsóknnum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 25. apríl n.k.

S.S. FRÉTTIR:

Föstudaginn 18 mars, sl. var haldinn aðalfundur Sláturfélags Suðurlands, f. Árið 2021, að Goðalandi í Fljótshlíð. Kjörnir fulltrúar Hrunamannahrepps voru: Jóhanna Hrafnkelsstöðum, Esther Sólheimum, Jón Skipholt og Atli Hrafnkelsstöðum. Góður rekstur félagsins einkenndi árið, en að sjálfsögðu var mál bænda og framleiðenda, að þeir mættu bera meira úr bitum, fyrir sína vöru. Mesta útgjaldaógnunin nú um stundir, er ofurhækkun á áburði, og ekki séð fyrir, hvernig það verður höndlað. Málefnalegar umræður voru um hin ýmsu hugðarefni fundarfólks, þó skiptar skoðanir væru, eins og gengur. Bendi á ýtarlegri fréttir af þessu öllu saman, sem má finna inn á heimasíðu S.S. .is

Kær kveðja frá deildarstjóra, fyrir hönd Sláturfélags Suðurlands, með þakklæti fyrir tryggð í viðskiptum við félagið í gegn um árin.

Jóhanna Hrafnkelsstöðum

Atvinna—Sumarvinna.

Hrunamannahreppur óskar eftir starfsfólki í sumarvinnu við sundlaugina á Flúðum. Viðkomandi þurfa að hafa náð 18 ára aldri og ljúka sundlaugarvarðarprofi og skyndihjálparnámskeiði. Umsóknir berist til Péturs á netfang: petur@fludir.is fyrir 20. apríl nk. Allar nánari upplýsingar hjá Péttri í síma 895 6603 eða á netfang: petur@fludir.is

Vinnuskóli

Verður starfræktur frá **13. júní** til og með **8. júlí** í sumar. Miðað er við að umsækjendur séu fæddir á árunum 2006–2008. Umsóknir berist fyrir 25. apríl á Skrifstofu Hrunamannahrepps eða á netfang heilsueflandi@fludir.is. Nánari upplýsingar í síma 480 6600 eða Gunnar í síma: 892 5532

Hvatagreiðslur.

Foreldrar og forráðamenn barna á aldrinum 6– 16 ára eru hvattir til að sækja um hvatagreiðslur vegna íþróttá-,lista og tómstundaiðkunar skv.reglum Hrunamannahrepps. Umsóknarfrestur er til 1. maí vegna vorannar 2022. Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu Hrunamannahrepps, og á Skrifstofu Hrunamannahrepps.

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00,

Föstudaga: 09:00-12:00

Sími: 480-6600



Hrunamannahreppur

Undanfarið hefur verið unnið að endurbótum í Kjallaranum í Heimalandi



Byggingaframkvæmdir við Smiðjustíg 11



Væntanleg hreinsistöð í landi Grafar



Á HSK þingi á dögunum var Karl Gunnlaugsson sæmdur gullmerki UMFI.



Aðalfundarboð

Aðalfundur Björgunarfélagsins Eyvindar

verður haldinn í húsi félagsins,
að Smiðjustíg 8 Flúðum,
mánudagskvöldið 25.apríl kl 20:00.

Dagskrá fundar er venjuleg aðalfundarstörf.

Kosið verður um embætti gjaldkera,
varaformanns,ritara og meðstjórnanda.

Starfandi gjaldkeri og meðstjórnandi gefa ekki kost á
sér til áframhaldandi stjórnarstarfa.

Uppstillingarnefnd skipa Katrín Ösp Emilsdóttir og
Steingrímur Jónsson og hefur hún hafið störf.

Allir velkomnir.

Stjórn Björgunarfélagsins Eyvindar



Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási.

**Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá 8-15
alla virka daga.**

Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

**Blóðprufur eru teknar mánudaga til fimmtudaga. Athugið
að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf
að liggja fyrir .**

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is

Baggamunur

Bókhalds- og skattþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035

Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga,
föstudaga og laugardaga. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið
aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa sam-
band við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355

KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Hestamannafélagið Jökull.

Fyrsti Aðalfundur hestamannafélagsins Jökuls fór fram 3. mars. Á fundinum fór fram kosning á nafni félagsins. Fyrst var kosið um öll nöfnin sjö, sem starfsstjórn hafði tilnefnt, Frigg, Hestamannafélag Uppsveita, Jökull, Kjölur, Krapí, Skör og Þrenning. Í seinni umferð var kosið um þau tvö nöfn sem flest atkvæði hlutu í fyrri umferð, en það voru nöfnin Jökull og Kjölur. Kosningin fór þannig að nafnið Jökull hlaut flest atkvæði. Guðni Halldórsson formaður LH og Hákon Hákonarson gjaldkeri LH komu á fundinn og færðu félaginu góðar gjafir í tilefni dagsins, hestvænan búnað fyrir hindrunarstökk og brokkspírur sem eiga eftir að nýtast vel í starfi félagsins og sérstaklega æskulýðsstarfinu.

Kosning stjórnar fór þannig að Bragi Viðar Gunnarsson, Túnsbergi var kjörinn formaður, aðrir stjórnarmenn sem voru kjörnir:

Ólafur Gunnarsson, Helgastöðum gjaldkeri

Svavar Jón Bjarnason, Reykholti ritari

Ragnheiður Eggertsdóttir, Borg meðstjórnandi

Ragnhildur Stefanía Eypórsdóttir, Flúðum meðstjórnandi

Vilborg Ástráðsdóttir, Skarði meðstjórnandi

Vilborg Hrund Jónsdóttir, Böðmódsstöðum meðstjórnandi

Mikil ánægja var á fundinum með að nýtt og sameinað hestamannafélag í uppsveitum Árnessýslu væri loksins orðið að veruleika og að sameiningin myndi lyfta grettistaki í félagsstarfi hestamanna á svæðinu.

Að lokum var sameiningarnefnd og starfsstjórn sem starfað hefur frá því síðasta sumar þökkuð góð störf.

Fengnar kvígur til sölu.

Tún til leigu.

Heyrúllur til sölu.

Staðsetning: Hrunamannahreppur, Árnessýslu.

Nánari upplýsingar í síma 863 5201



80

STAÐIR

UM LAND ALLT



EIMSKIP

Flytjandi



PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP

Flytjandi

Háhelvíð 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi
í síma 4-800-900 eða á slokkvitaeki@babubabu.is



REKSTRARVÖRUR TIL HEIMILIS

Olíuvörur og allt fyrir dýrin....stór og smá!



 **LANDSTÓLPI**

📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
☎ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
☎ 480 5610

🌐 www.landstolpi.is
✉ landstolpi@landstolpi.is



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499

Bílaverkstæði



Opið frá kl: 08:00-17:00

Grænna land ehf.

Hellulagnir
Áburðargjöf
Beðahreinsun
Garðsláttur
Garðaúðun
Gróðursetning trjáplanta
Ráðgjöf um hönnun garða
Trjáklippingar
Þökulagnir
Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufræðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is

LYFJA SELFOSSI
ÚTIBÚ LAUGARÁSI
BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI

OPIÐ

10-16 mán - fim
Lokað fös - sun



Dömu- og herraklipping, litun -og strípur.
Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.
Vinsamlegast pantið tíma í síma
845-9816 Halyna.



Fótaaðgerðastofa Öddu Siggú Miðfelli 2a

Opið alla virka daga frá 8-16
Tímáptanir í s: 8676580



Opið Miðvikudaga - Sunnudaga


11:30-17:30



Melum, Flúðum

facebook.com/litlabaendabudin

instagram.com/litlabaendabudin



“Kemur ekki vor að liðnum vetri?”

Vörðukórinn lýkur vetrarstarfi sínu með tónleikum í Skálholti miðvikudagskvöldið 13. apríl n.k. kl 20:00.

Fjölbreytt dagskrá með verkum eftir Bob Chikcott, Hildigunni Rúnarsdóttur, þorkel Sigurbjörnsson, Loft S. Loftsson, Ján Ásgeirsson ofl. Von, kærleikur, ást og friður.

Stjórnandi kórsins er sem fyrr Eyrún Jónasdóttir og undirleikari Arnhildur Valgarðsdóttir. Sérstakir gestir Vörðukórsins á tónleikunum eru Krístrún Steingrímsdóttir og Joel Durksen.

Aðgangseyri kr 3000, ókeypis fyrir 12 ára og yngri.

Hlökkum til að sjá ykkur og njóta góðrar tónlistar í aðdraganda páska

Vörðukórinn

Pistill frá Kerlingarfjallavinum

Þann 29. mars 2022 var haldinn almennur félagsfundur Kerlingarfjallavina. Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar sem lagði til að félagið yrði lagt niður. Var það samþykkt samhljóða. Hollvinasamtökin Kerlingarfjallavinir voru stofnuð þann 12. mars 2013 og eru frjáls samtök einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka og stofnana. Hefur fjöldi félagsmanna á þessum árum hlaupið á bilinu 30 til 54. Markmiðið með stofnun félagsins á sínum tíma var að hlúa að og vernda náttúru Kerlingarfjalla og bæta aðgengi og öryggi svo að sem flestir gætu notið náttúru svæðisins. Hefur það í gegnum tíðina verið helst í formi þess að sækja um styrki. Helst hefur verið leitað til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða fyrir ýmisskonar uppbyggingu svæðisins s.s. stikun, brúargerð og uppsetning upplýsingaskilta, en einnig hefur verið leitað til annara aðila. Sitjandi stjórn hvers tíma hefur séð um að sækja um styrki til framkvæmdanna sem svo hafa verið unnar að mestu á vegum Fannborgar með þeirra mótframlagi. Páll Gíslason hefur aðstoðað félagið mikið og verið leiðandi í verkefnavali og útfærslum. Á þeim níu árum sem félagið hefur verið við lýði hafa fengist styrkir uppá rúmar 17 millj. til framkvæmda og viðhalds í Kerlingarfjöllum. Þetta hefur verið dýrmæt vinna og tvímælaust hjálpað til við að gera Fjöllin aðgengilegri og öruggari fyrir ferðamenn og um leið stuðlað að náttúruvernd. En nú eru breyttir tímar með tilkomu friðlýsingar Kerlingarfjallasvæðisins en það var friðlýst 10. ágúst 2020. Með friðlýsingu fer svæðið í umsjón Umhverfisstofnunar og þar af leiðandi er minni þörf fyrir aðkomu félagsins við að leita fjármagns til verklegra framkvæmda. Kerlingarfjöll munu eftir sem áður eiga fjölda aðdáenda og velunnara. Um leið og við þökkum kærlega fyrir stuðningin undangengin ár hvetjum við fólk til að bregða sér í Fjöllin og njóta þeirrar einstöku náttúruvegurðar sem þar er að finna.





2022 Hrunamannahreppur

Janúar							Febrúar						
SUN	Mán	Þrið	Miðv	Þinn	Fös	Laug	SUN	Mán	Þrið	Miðv	Þinn	Fös	Laug
						1			1	2	3	4	5
2	3	4	5	6	7	8	6	7	8	9	10	11	12
9	10	11	12	13	14	15	13	14	15	16	17	18	19
16	17	18	19	20	21	22	20	21	22	23	24	25	26
23	24	25	26	27	28	29	27	28					
30	31												

Mars							Apríl						
SUN	Mán	Þrið	Miðv	Þinn	Fös	Laug	SUN	Mán	Þrið	Miðv	Þinn	Fös	Laug
		1	2	3	4	5					1	2	
6	7	8	9	10	11	12	3	4	5	6	7	8	9
13	14	15	16	17	18	19	10	11	12	13	14	15	16
20	21	22	23	24	25	26	17	18	19	20	21	22	23
27	28	29	30	31			24	25	26	27	28	29	30

Maí							Júní						
SUN	Mán	Þrið	Miðv	Þinn	Fös	Laug	SUN	Mán	Þrið	Miðv	Þinn	Fös	Laug
1	2	3	4	5	6	7				1	2	3	4
8	9	10	11	12	13	14	5	6	7	8	9	10	11
15	16	17	18	19	20	21	12	13	14	15	16	17	18
22	23	24	25	26	27	28	19	20	21	22	23	24	25
29	30	31					26	27	28	29	30		

Grátunna og lifraent allur Neðri Hrunamannahreppi

Grátunna og lifraent Efri Hrunamannahreppur

Blátunna allt svæðið

Rúllurplást

